

Nauðganir og nornaveiðar

Kynlíf er kvenfrelsurum kært hugðarefni. Eða öllu heldur kynferðisleg áreitni af hálfu karlpeningsins, sérstaklega þó nauðganir, sbr. Katrínu Jakobsdóttur, sem varla opnar munninn, nema fjölyrða um þetta sérstaka áhugamál sitt, jafnvel á varnarbandalagsfundum. Nauðgunarvarnir eru henni ofarlega í huga. Hún hefur tjáð sig um framtíðardrauminn, samfélag, þar sem konur þurfi ekki að óttast kynofbeldi.

Nauðgun hefur sum sé verið þungamiðjan í áróðri Katrínar og sálufélaga hennar á Vesturlöndum. Íslenskar konur eiga um þessar mundir tíðförult til útlendra dómstóla. Þeir skulu brýna lögreglu, ákærvald og dómara á Íslandi til að láta hvergi deigan síga í nauðgunarsakfellingum. Þetta er viðkvæði víðar.

Í löggæslunni hafa vinnubrögð verið á þann veg, að lögreglan metur, hvort hald sé í kærum og þær trúverðugar. Trúverðug mál eru síðan send ákærvaldinu. Eftir réttarhöld, þar sem leitast er við að leiða hið sanna í ljós, er dæmt. Þá kemur í ljós, hvort um er að ræða fórnarlamb og geranda. En það gefa samtök kvenfrelsara dauðan og djöfulinn í eins og títt er um fjölmiðlafólk.

Kvenfrelsarar eru sáróánægðir með dómstólana. Þeir telja sakfellingar alltof fáar miðað við kærur og getspár þeirra sjálfra um fjölda „fórnarlamba nauðgana.“ Reyndar er það svo á Vesturlöndum, að lögregluþyriföld hafa hlotið sérstaka kvenfrelsunarfræðslu um nauðganir. Aukin heldur koma fyrirmæli að ofan um að milda mjög kröfur til fyrstu rannsókna. Því fara fleiri mál fyrir dóm og sýknudómum fjölgar. Þetta er gersamlega að æra óstöðuga kvenfrelsara. Dómarar sumir hverjir skjálfa á beinunum, óttaslegnir við viðurlög þeirra, felli þeir „rangan“ dóm. Sama á við um verjendur.

Því vilja kvenfrelsarar feiga regluna um, að sýkn sé, uns sekt sannist. Konu skal trúa, þegar hún ber kynferðislegar sakir á karlmann. Þannig verður kona dómari í eigin sök. Samtímis því að ógilda nefnda frumreglu, skapa þeir hugtakabólgu. Það er nú fátt eitt orðið, sem ekki má flokka sem kynferðislega áreitni, sbr. „mee-too“ kvenþingmanninn íslenska, sem þótti sér kynferðislega misboðið, þegar þingbróðir hennar tjáði sig um litgreiningu á fatnaði hennar. Eða klögukonan, sem varð fá við, þegar karlmaður leit hana girndarauga, að eigin sögn. Mig minnir svei mér þá, að hann hafi líka arkað inn í sjónmál hennar.

Nýjasta töfrahugtakið er líklega, „já merkir já.“ Á kynlífsfundi karls og konu skal ástkonan gefa skýrt til kynna við sérhvern dagskrárlið, hvort hún sé enn þá tilkippileg. Annars er um nauðgun að ræða. Danir hafa nú hannað hentugt smáforrit til hins arna, Svíar eyðublað. Það sama á við, sé viðbragðstími elskhugans óþarflega langur. T.d. þrjátíu sekúndur, sbr. dóm í máli „nauðgara“ nokkurs. (Þrjátíu sekúndna nauðgarans í Ástralíu.) Þetta á við bæði um nútíð og fortíð. Karlálft á áttæðisaldri – getulaus orðin – getur átt von á ákæru vegna „nauðgunar“ eða annars kynferðisofbeldis á hvolpavítsárunum. Það eru þegar mörg dæmi um slíkt, þar sem kvenhetjur hafa stígið á stökk og hlotið fræð og frama fyrir, lofaðar fyrir hugrekki og gott minni.

Ofangreint hugtak er reyndar mildari útgáfa af kennisetningu helsta nauðgunarfræðimanns kvenfrelsaranna, lögfræðiprófessorsins Catharine Alice McKinnon (f. 1946), sem heldur því fram (ásamt mörgum öðrum), að allt kynlíf karls og konu sé nauðgun af hans hálfu, af því að konur séu undirskipaðar körlum. Það skondna við þennan áróður er, að fjöldi kvenna – samkvæmt endurteknum rannsóknum á háskólameyjum við norður-ameríska háskóla, sem eru orðin vinsælla

rannsóknarefni en rottur og mýs, svo ekki sé talað um apaketti – segir nei, en meini já. Það eru hugsanlega leifar af fyrra fyrirkomulagi, þar sem konu þótti sér misboðið kynferðislega og skotið að sjálfsvirðingu sinni – sýndi folinn ekki ýtni og væri jafnvel aðgangsharður. Enn eru til franskar konur, sem vilja halda í slíka ósvinnu, svo sál þeirra og fleiri líffæri vakni og vökni til ástaratlota.

En kvenfrelsunarfrenjurnar fíflast í áróði sínum og ólæknandi vansæld. Þær grípa hvern þingkarlinn á fætur öðrum hreðjatak, einkum lúpur, sem eiga „móðurreikning“ sinn óuppgerðan – ef að líkum lætur. Þeir biðjast vægðar og lofa að gera betur, eins og breski dómsmálaráðherrann, Robert Buckland (f. 1968). Hann vætir buxurnar, þegar kvenfrelsararnir yggla sig og ýfa. Hverjum sígur ekki larður, þegar sígur brúnin á kvenfrelsurum.

Það er nefnilega eins og í Íslendingasögunum, samkvæmt kvenfrelsunarbókmenntarýni Helgu Kress (f. 1939). Konur etja körlum sínum og jafnvel barnungum sonum á foraðið, sérstaklega þegar virðingu þeirra er misboðið og brennandi hefndarþorstinn verður ekki slökktur, nema hefndum sé fram komið. Það er sæt hefnd að fá karlmann dæmdan fyrir nauðgun eða kynferðislegt ofbeldi. Og það er líka með sætubragð í munni, að þeir séu sviptir æru sinni og atvinnu.

Góðu heilli hreyfir ein og ein sómakona andmælum, þótt flestar láti duga að hrista makkann. Á heimaslóð er Kolbrún Bergþórsdóttir líklega eini kvenfjölmiðlamaðurinn, sem hefur þor. Í grein sinni í Fréttablaðinu 24. júní 2021, „Aftökum,“ segir hún t.d.: ”Ásökun jafngildir ekki sekt. Við erum einfaldlega komin á mjög hættulegan stað ef við hugum ekki að rétti hins saklausa. Oft er bent á að sjaldgæft sé að fólk kæri aðra að tilefnislausu í kynferðisbrotamálum. Þess vegna er því jafnvel haldið fram að alltaf eigi að taka orð þess sem ásakar eða kærir góð og gild og refsá óhikað meintum brotamanni, án þess að rannsaka málið að nokkru ráði.“

Réttarhöld eru orðin óttalegur skrípaleikur. Verjendur skulu vera minnugir þess, að „fórnarlambið“ sé í eðli sínu svo viðkvæmt, að ekki megi spyrja spurninga, sem gætu komið því úr frekara jafnvægi, t.d. ýja að hugsanlegu sakleysi sakbornings. „Gerandinn“ er skilgreindur skúrkur með hákarlaskráp. Nauðgunarfræðingar af ýmsu tæi taka þátt, sýna fram á, að „fórnarlambið“ sé haldið áfallastreituröskun; að minningar um ódæðið, sem framið var í bernsku, hafi skyldilega látið á sér kræla; að kæra hafi ekki komið fram sökum þess, að „fórnarlambið“ var hrætt við kúgara sinn („gerandann“) eins og píslarvottur pyndinga við böðul sinn. Það þykir þess vegna ekkert dularfullt, þegar hin kúgaða og nauðgaða kvinna hringir eða skrifar til böðuls síns og segist sakna hins fírga fyðils hans og biður mæðarlega um stefnumót. Réttarhöldin geta minnt á sjálfsstyrkingu í hópi, þar sem „fórnarlambið“ og alls konar þarfir þess eru í brennidepli til frekari valdeflingar. Sakborningur verður eins og aukaleikari í lélegri sápuóperu. Jafnvel þótt eðli málsins samkvæmt snúist réttarhöldin um hann.

„Undir niðri“ í Nýja Sjálandi og Ástralíu heyrir einnig hljóð úr horni. Í Sídney var fyrir skemmstu haldin ráðstefna þekktra lögfræðinga um efnið. (Ráðstefna eða málfundur „Rule of Law Education Centre,“ kallaður: „Presumption of Guilt Conference“. Krækja neðanmáls.) Meðal fyrirlesara var Margaret Cunneen. Hún segir m.a. um réttarhöld í umræddum málum:

„[Þ]au ber ekki að líta á sem samvinnuvettvang eða sálfræðilega málstofu. Til þeirra er ekki stofnað til að sakaraberi megi þar finna einhvers konar huggun, staðfestingu eða vinna glæsilegan sigur. Þau snúast ekki um sakaraberann.“

Í Ástralíu er sakborningur dæmdur af kviðdómi. Margaret ávarpar kviðdóminn svo: „[Þ]að lýsir elskulegu og aðlaðandi viðmóti að taka trúanleg orð barns ykkar eða nágranna eða vinar, segist sá hinn sami hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni ... en kviðdómur skal fara að lögum. ... Það er frelsi sakbornings, sem er í húfi.“

Um „lagabætur,“ sem knýja á í gegnum þingið í Nýja Suður-Wales til að fjölga nauðgunarmálum í dómskerfinu, segir Margaret: „Í raun réttir eru aðgreiningar nánast afmáðar (blurring lines) í þessu sambandi; allir karlar, mæður, systur og vinir karla, ættu sýna árvekni. Því atburður, sem ekki var nauðgun í fyrri, kynni að verða nauðgun á næsta ári, sé tilgangur þessara lagabóta einfaldlega að fjölga sakfellingum fyrir nauðgun.“

Samira Taghavi er lögmaður á Nýja-Sjálandi. Hún viðraði áþekkar áhyggjur í bloggi nýverið (The Daily Blog). Þar liggur fyrir þinginu frumvarp til laga um kynofbeldi (Sexual Violence Bill). Hún kemst svo að orði:

„Í stað þess að virða vísindi, heilbrigða dómgreind og sakleysishald (presumption of innocence), höfum við skapað andrúmsloft Salem nornaveiða með yfirbragði nornaréttarhalda. [Þau] hafa fært okkur heim frumvarp til laga um kynofbeldi. Þau munu hafa afar margar ljótar afleiðingar í för með sér. Enda þótt sektardómur og fangelsisvist – og lögin [munu] margfalda slík tilvik – sé skelfilegasta afleiðing falskrar ákæru, hafa aðrar auðmýkingar ekki komið í sviðsljósið sem skyldi, það að lifa sem sökudólgur bæði fyrir réttarhöldin og meðan á þeim stendur. Jafnvel þótt karlar séu sýknaðir, má enn gera ráð fyrir, að eftirlifendendur gjaldi lögsóknina dýru verði.“ (Í Salem í Bandaríkjunum Norður-Ameríku áttu sér stað kunnar nornaveiðar eða málamyndaréttarhöld skömmu fyrir aldamótin 1700.)

Samira heldur áfram: „Oft og tíðum er kyrjaður söngurinn um skort á fjármunum til kvennaathvarfa. Taki ríkisvaldið sér vald til að koma karlmönnum svo kerfisbundið í lóg, hlýtur að vera kominn tími til að leggja þeim lið og jafnvel húsaskjól í karlaathvörfum. [En] þess sér ekki stað. Hugmyndin er [í senn] hlægileg og auðsjáanlega á skjön, kaldhæðnisleg í samanburði við fangelsi, sem [þó] býður þak yfir höfuðið. Kirkjugarðurinn er eitt athvarfanna og sjálfvíg í aðdraganda réttarhalda er ekki óþekkt.“

Í fyrrgreindum miðli skrifar læknirinn og prófessorinn, Felicity Goodyear-Smith (f. 1952), 21. júní 2021: „Sumar fölsku ákæra eru settar fram af ásettu ráði, með margs konar ásetning í huga eins og gróðavon [og] hefnd, [eða] vegna óendurgoldinnar ástar og geðraskana, til að útvega fjarvistarsönnun eða til að verða sér úti um athygli og meðaumkun.“ Felicity minnir á erfðæfnarannsóknir (DNA) í Virginíu (BNA) á dæmdum körlum. Niðurstöður voru á þá leið, að 8 til 15% voru útilokaðir sem gerendur. Aðrar rannsóknir með öðrum aðferðum, t.d. lygamæli, gætu bent til, að um helmingur ákæra væri ekki á rökum reistur.

Í Kandada, segir Diana Davison, einn stofnanda „Vitaverkefnisins“ (The Lighthouse Project) til stuðnings eftirlifendum falskra ákæra, „er stefnan sú að ákæra sjálfkrafa, þegar kært er fyrir kynferðislegt misferli. Á lögreglunni hvíla engar þagmælskukvaðir og ákæra skal, lýsi sakaráberi kynferðislegri árás. Latt er til rannsóknar. Auðskiljanlega leiðir þetta til fleiri sýknudóma.“

Íslenskir kvenfrelsarar vinna nú hörðum höndum á öllum vígstöðvum við að innleiða sams konar lagabreytingar og réttarfar með kvenfrelsunarforsætisráðherra vorn, Katrínu Jakobsdóttur, í broddi fylkingar. Hún hefur fjölda embættismanna á sínum snærum við þessa iðju. Ráðherrann hefur stofnað sérdeild í forsætisráðuneytinu til að sinna þessari og annarri kvenfrelsun.

<https://www.ruleoflaw.org.au/presumption-of-guilt-conference/>